

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir ABC barnahjálp.

I. KAFLI

1. gr.

ABC barnahjálp er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

ABC barnahjálp er byggð á kristilegum grunni með kærleiksboðorðið í huga - að okkur ber að elska náungann eins og okkur sjálf.

ABC barnahjálp mun leita eftir samstarfi og stuðningi allra sem vilja leggja starfinu lið.

3. gr.

Tilgangur ABC barnahjálpar er að styðja fólk til sjálfbjargar. Þótt tilgangur hjálparstarfsins sé ekki hugsaður sem neyðarhjálp þá er stofnuninni heimilt að taka slíkt að sér, sérstaklega ef það er liður í að gera þá sem njóta aðstoðar sjálfbjarga.

4. gr.

Menntun barna og fræðslustarfsemi ýmiss konar er eitt meginverkefna ABC barnahjálpar.

ABC barnahjálp vill eiga samstarf við heimamenn í hverju landi þar sem ABC barnahjálp kys að starfa.

II. KAFLI

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar er stjórn hennar og ber hún ábyrgð á fjárvörslu hennar.

Stjórnin skal skipuð 7 stjórnarmönnum, sem upphaflega voru valdir af undirbúningshópi, en stjórnin sér sjálf um að endurnýja sig.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Leitast skal við að endurnýja stjórnina með því að skipta út stjórnarmanni fyrir nýjan ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn eins oft og þurfa þykir.

Meirihluta stjórnar þarf til að samþykkja nýjan mann í stjórn.

Til að víkja manni úr stjórn þarf atkvæði fimm stjórnarmeðlima.

6. gr.

Stofnfé ABC barnahjálpar var upphaflega eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur.

7. gr.

Stjórnarfundir eru lögmatir þegar fjórir stjórnarmenn mæta og löglega er til þeirra boðað. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður oddaatkvæði.

Boða skal til stjórnarfundar með 6 daga fyrirvara og telst hann þá löglega boðaður.

8. gr.

Heimilt er að skipa varamenn í stjórn, að fengnum tillögum frá fjórum stjórnarmönnum, þótt slík ákvörðun hafi ekki verið tekin á formlegum stjórnarfundum.

Stjórn ABC barnahjálpar getur sett varamenn af með einfaldri samþykkt.

9. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

10. gr.

Stjórnin skal halda fundargerðabók þar sem fram skulu koma allar ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnarinnar. Fundargerðabókin skal vera innbundin með tölusettum síðum.

III. KAFLI

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður breytt ef fimm stjórnarmenn samþykkja breytingarnar. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á breytingum á skipulagsskrá.

IV. KAFLI

12. gr.

ABC barnahjálpar hyggst afla fjár með því að leita eftir frjálsum framlögum og ýmiss konar fjáröflunarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn ABC barnahjálpar skal tryggja að almenningur fái ávallt öruggan aðgang að upplýsingum um fjármál stofnunarinnar t.d. með gerð ársreiknings og útgáfu fréttabréfs.

Skylt er stofnuninni að upplýsa um hvernig verðmæti sem henni hlotnast eru metin til fjár og eftir hvaða aðferðum hún flokkar útgjöld í rekstrarútgjöld og hjálparstarf.

V. KAFLI

14. gr.

Stofnunin skal halda bókhald og semja ársreikning samkvæmt gildandi bókhaldslögum. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

15. gr.

Verði ABC barnahjálpar lögð niður þarf atkvæði fimm stjórnarmeðlima til samþykktar slíkrri ákvörðun. Renna þá eigur hennar til annars hjálparstarfs samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar ABC barnahjálpar og ræður einfaldur meirihluti atkvæða þar um. Leita ber samþykkis dómsmálaráðuneytis verði ABC barnahjálpar lögð niður.

VI. KAFLI

16. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina sem staðfest var af dómsmálaráðherra þann 5. desember 1988. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og fellur þá eldri skipulagsskrá úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.